

Íþrótt- og tómstundaráð Garðabæjar - 2 (18.9.2018) - Aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni og ofbeldishegðun í íþrótt- og æskulýðsstarfi

Málsnúmer : 1808414
Málsaðili : Mennta- og menningarmálaráðun.
Niðurstaða (stutt) : Samþykkt
Fundardagur : 18.09.2018

Inngangur : Bæjarráð vísar bréfinu til íþrótt- og tómstundaráðs og felur ráðinu að taka tillögur starfshóps ráðuneytisins um aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni og ofbeldi í íþrótt- og æskulýðsstarfi til umfjöllunar með íþrótt- og æskulýðsfélögum í Garðabæ.

Niðurstaða : ÍTG lítur málið mjög alvarlegum augum. Nú þegar eru ákvæði í samningum við félög um að fylgja ákvörðunum sinna heildarsamtaka til að taka á kynferðislegri áreitni og ofbeldi í sínu starfi. Að auki er ÍTG að vinna að uppsetningu fræðslufunda með öllum starfsmönnum íþrótt-, og tómstundafélaga í Garðabæ. Fundirnir verða endurteknir fimm sinnum til að ná til allra. Erindið á fundunum fjallar um „kynbundið ofbeldi, mismunun og fordóma“. Áfram verður unnið að því að fullnægja þeim tillögum sem nefnd ráðherra hefur beint til sveitarfélaga.